

Reglugerðir Blaksambands Íslands - BLÍ

Efnisyfirlit

Reglugerð um breytingar reglugerða	2
Reglugerð um iðkendagjald	3
Reglugerð um leikmannasamninga	3
Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni BLÍ	4
Reglugerð um bikarkeppni BLÍ	8
Reglugerð um meistarakeppni BLÍ	9
Reglugerð um íslenska leikmenn í efstu deild og bikarkeppni hjá Blaksambandi Íslands	10
Reglugerð um félagaskipti	11
Viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna	13
Reglugerð um frestanir leikja	13
Reglugerð um búninga í blaki í mótum á vegum BLÍ	14
Reglugerð um auglýsingar á búningum í mótum á vegum BLÍ	15
Reglugerð um bikara á vegum BLÍ	15
Reglugerð fyrir kosningu á blakmanni/konu og lið ársins	15
Reglugerð um aðgönguskírteini	16
Agareglur Blaksambands Íslands	18
Starfsreglur dómara nefndar og dómara BLÍ	19
Reglugerð um dómarasjóð	21
Reglugerð um merki BLÍ	21

Reglugerð um breytingar reglugerða

1. gr. Blakþing er æðsta vald hreyfingarinnar þegar kemur að breytingum á lögum og reglugerðum. Stjórn BLÍ hefur heimild til að gera breytingar á reglugerðum milli þinga. Nær það til allra breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða.

2. gr. Óski aðildarfélag eftir setningu nýrra reglugerða eða breytinga á gildandi reglugerðum skal slíkum óskum beint til stjórnar BLÍ.

3. gr. Þegar fyrirhugað er að breyta eða setja nýja reglugerð kemur til greina tvennskonar málsmeðferð, þ.e. sem minniháttar breyting eða meiriháttar breyting. Við mat á því í hvorn flokkinn breyting flokkast skal taka mið af því hvort ákvörðun hafi veruleg áhrif íþróttaleg áhrif á hreyfinguna.

3.1 Vinnulag stjórnar BLÍ við breytingu og setningu reglugerða:

3.1.1 Fyrsta skref:

Í upphafi er fjallað um reglugerðir, nýjar eða breytingartillögur, á stjórnarfundum BLÍ og ákveðið hvort viðkomandi tillaga fari í frekara ferli, þurfi endurskoðun eða frekari skýringar. Að öðrum kosti er málið látið niður falla.

3.1.2 Annað skref:

Ef reglugerðin fer áfram til vinnslu þá metur stjórnin síðan hvort um sé að ræða óverulegar (minniháttar) breytingar sem stjórn telur ekki að þarfnist sérstakrar umræðu í hreyfingunni. Ef tillagan er samþykkt af stjórninni mun verða send út tilkynning um uppfærða reglugerð eða nýsetninguna. Að öðrum kosti er málið látið niður falla.

3.1.3 Þriðja skref:

Hins vegar ef um er að ræða að mati stjórnar stærri breytingu (meiriháttar) þá mun hefjast tveggja vikna umsagnarferli hjá aðildarfélögum um tillögur með því að almenn kynning er send út og í einhverjum tilfellum boðað til sérstakra upplýsinga- og samráðsfunda með aðildarfélögum um leið og umsagnarferli stendur yfir.

3.1.4 Fjórða skref:

Að loknu tveggja vikna umsagnarferli er að nýju umfjöllun hjá stjórn BLÍ sem tekur ákvörðun um breytinguna eða nýsetninguna.

3.1.5 Fimmta skref:

Ef tillagan er samþykkt af stjórninni mun verða send út tilkynning um uppfærða reglugerð. Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með rafrænum hætti og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar BLÍ. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með rafrænum hætti og á heimasíðu BLÍ. Ef reglugerðin er ekki samþykkt er að öðrum kosti málið látið niður falla.

Samþykkt á 51. ársþingi BLÍ 15. apríl 2023

Reglugerð um iðkendagjald

1. gr. Stjórn BLÍ skal innheimta iðkendagjald sem er ákveðin upphæð fyrir hvern félag blakdeilda sem eiga aðild að íþróttabandalagi eða héraðssambandi innan vébanda ÍSí eða taka þátt í mótum á vegum Blaksambands Íslands; Íslandsmót, Bikarmót, Öldungamót og Stigamót, bæði innanhúss og í strandblaki frá 1. september ár hvert.
2. gr. Upphæð iðkendagjaldsins skal ákveða á ársþingi BLÍ á oddatöluári fyrir tvö ár í senn.
3. gr. Iðkendur sem eru 17 ára eða yngri á því ári sem keppnistímabil hefst skulu aðeins greiða hálf t iðkendagjald.
4. gr. Iðkendur skulu standa skil á gjöldum sínum í gegnum Aabler. Til að leikmaður teljist hafa leikheimild skal iðkandinn sjálfur hafa greitt iðkendagjaldið áður en hann er skráður á skýrslu á mótum á vegum BLÍ annars telst hann ólöglegur.

Breytt og samþykkt af stjórn BLÍ á stjórnarfund 4. júlí 2023

Reglugerð um leikmannasamninga

1. gr. Leikmannasamningar geta verið þrenns konar, atvinnusamningar, áhugasamningar og uppeldissamningar og skal BLÍ útvega félögum form að þessum leikmannasamningum. Leikmannasamningar eru aðeins gildir ef þeir eru gerðir á slík form og uppfylla þær kröfur sem fram koma í þessari reglugerð, öðrum reglugerðum BLÍ og reglum CEV og FIVB. Til þess að leikmaður teljist hafa leikheimild í Úrvalsdeild skal hann hafa leikmannasamning, annars telst leikmaðurinn ólöglegur. Leikmannasamningar skulu berast innan félagaskiptagugga til þess að keppendur öðlist leikmannaleyfi. Leikmenn sem teljast til U20 yngri flokka er heimilt að skrifa undir samning innan síns félags utan félagaskiptagugga. Félögum/liðum í öðrum deildum er heimilt að gera leikmannasamning.
 - Atvinnusamning skal gera við leikmenn sem fá fastar greiðslur frá félagi fyrir að æfa og leika blak. Atvinnusamningur getur mest gilt í þrjú keppnistímabil í senn.
 - Áhugasamning skal gera við leikmenn sem ekki fá greiðslur frá félagi fyrir að æfa og leika blak og leika ekki með yngri flokkum félagsins. Áhugasamningur getur mest gilt í tvö keppnistímabil í senn.
 - Uppeldissamning skal gera við leikmenn sem ekki fá greiðslur frá félagi fyrir að æfa og leika blak og leika með yngri flokkum félagsins. Uppeldissamningur getur mest gilt í eitt keppnistímabil í senn.
2. gr. Leikmannasamningur skal vera undirritaður af leikmanni skriflega eða með fullgildri rafrænni undirskrift og skal koma fram tegund samnings, nafn viðkomandi leikmanns og kennitala, nafn félags og samningstímabil. Tímalengd samninga við erlenda leikmenn skulu vera í samræmi við útgefið dvalar- og atvinnuleyfi. Ekki er leyfilegt að skrifa undir samning þar til að leikmaður er kominn með íslenska kennitölu. Erlendir leikmenn verða að hafa sótt um íslenska kennitölu og skila inn gögnum þess efnis innan félagaskiptagugga. Leikmaður er þó aldrei löglegur fyrr en að staðfesting á íslenskri kennitölu hefur borist mótastjóra.

2.1 Erlendir leikmenn utan EES fá ekki leikheimild fyrr en BLÍ hefur borist:

- Staðfesting á atvinnu- og dvalarleyfi frá Vinnumálastofnun
- Vottorð um tryggingu á Íslandi (hluti af gögnum sem þarf að skila til Útlendingastofnunar)

3. gr. Ef leikmaður hefur ekki náð 18 ára aldri við undirritun samnings, skal samningurinn einnig undirritaður af forráðamanni leikmannsins.

4. gr. Óheimilt er að setja inn í samninga ákvæði sem takmarka rétt leikmanns eða félags við félagaskipti eða semja um það með öðrum hætti en kemur fram í reglugerð þessari.

5. gr. Allir samningar eru rafrænir og skulu afrit vistuð hjá BLÍ. Samningur þarf að hafa borist skrifstofu BLÍ með rafrænum hætti fyrir útgáfu keppnisleyfis. BLÍ skal halda sérstaka leikmannaskrá um alla samningsleikmenn. Þar skal koma fram tegund samningsins og tímalengd. Skráin skal birt á heimasíðu BLÍ.

Breytt og samþykkt af stjórn BLÍ á stjórnarfund 3. júní 2025

Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni BLÍ

1. gr. Úrvalsdeild, 1. deild og Deildakeppni (2. deild og neðar) BLÍ

1.1 Íslandsmót Blaksambands Íslands skal leikið í Úrvalsdeild, 1. deild og Deildakeppni. Markmiðið með Úrvalsdeild er að bjóða upp á keppni í blaki í hæsta gæðaflokki. Markmiðið með 1. deild er að Úrvalsdeildarlið getið þróað leikmenn sem og að gefa öðrum félögum tækifæri að undirbúa sig undir keppni í Úrvalsdeild. Markmiðið með Deildakeppninni er að fólk geti stundað blak sér til heilsubótar og skemmtunar á keppnisgrundvelli.

1.2 Úrvalsdeild Blaksambands Íslands skal skipuð að hámarki 12 liðum.

1.3 1. deild Blaksambands Íslands skal skipuð b-liðum Úrvalsdeildaliða og öðrum liðum sem kjósa að keppa í 1.d. Verði lið í 1.d. fleiri 12 skal deildin verða riðlaskipt og mótanefnd falið að útfæra þá skiptingu nánar.

1.4 Deildakeppni Blaksambands Íslands skal leikin í jafn mörgum deildum og þurfa þykir hverju sinni. Efsta deild í Deildakeppni BLÍ er 2. deild. Þau lið sem ekki taka þátt í Úrvalsdeildinni eða 1.d. geta tekið þátt í Deildakeppni BLÍ. Félag með skráð lið í úrvalsdeild getur ekki telft fram b-liði í deildarkeppni, heldur eingöngu í 1. deild. Öll lið í deildarkeppni verða að bera annan bókstaf en B ef félagið á lið í úrvalsdeild.

1.5 Lið Úrvalsdeildarinnar falla ekki úr henni nema ef um 12 liða deild sé að ræða. Þá fellur neðsta lið Úrvalsdeildarinnar í 1. deild óski efsta gjaldgenga lið 1. deildar eftir sæti í Úrvalsdeild. Úrvalsdeildarlið geta samt óskað eftir tilfærslu í 1.d. eða Deildakeppnina.

1.6 Sama stigakerfi, leikreglur og reglur um notkun leikmanna gilda í Úrvalsdeildinni 1. deild og Deildakeppninni nema að annað sé tilgreint. Til að vinna leik þarf þrjár unnar hrínur, hver hrína er upp í 25 en oddahrína er 15 stig. Tvö stig þarf að skilja á milli til að hrína vinnist. Ef spilað er með helgarmótaþyrirkomulagi vinnst sigur í leik þegar tvær hrínur hafa unnist, annars sama þyrirkomulag.

1.7 Fyrir hvern unninn leik fær sigurliðið 3 stig, nema ef leikur endar 3 – 2 þá deilast stigin á milli liða þannig að sigurlið fær 2 stig og taplið 1 stig. Ef spilað er með helgarmótaþyrirkomulagi fær sigurlið 3

stig nema ef leikur endar 2 – 1 þá deilast stigin á milli liða þannig að sigurlið fær 2 stig og taplið 1 stig. Séu lið jöfn að stigum í lok móts ræðst röð þeirra af eftirfarandi:

1. Unnir leikir
2. Hrinuhlutfall
3. Stigahlutfalli
4. Innbyrðis viðureign
5. Hlutkesti

1.8 Leikmanni er einungis heimilt að leika með og vera skráður í eitt lið í einu. Þó eru undanþágur frá þessari reglu fyrir leikmenn úrvalsdeildarliða og leikmenn í U-flokkum. Eftirfarandi undanþágur eru í gildi:

- Leikmaður Úrvalsdeildarliðs má leika með og vera skráður í b-lið félagsins í 1.d. samtímis. Hyggist leikmaðurinn leika með öðrum liðum félagsins þarf hann að fá löggild liðaskipti innan félagaskiptagluggans.
- Leikmenn í U-flokkum mega spila með liðum í öllum deildum þó eingöngu tveimur liðum síns félags hverju sinni (á sama tíma). Þrátt fyrir þessa undanþágu mega þeir einungis spila með einu liði á hverju helgarmóti í Deildakeppninni fyrir sig. Ef að leikmaður spilar með U20 liði félags í deildarkeppni 1. deilda þá telur það ekki til þeirra tveggja liða sem þeir mega spila með í fullorðinsflokki þar sem liðið telst til yngri flokka starfs. Hyggist leikmaðurinn leika með þriðja liði félagsins þarf hann að fá löggild liðaskipti innan félagaskiptagluggans.

1.9 BLÍ er heimilt að selja nafn Úrvalsdeildarinnar, 1. deildar og deilda innan Deildakeppninnar. Slíkur samningur skal vera BLÍ og liðunum í viðkomandi keppni til hagsbóta.

1.10 Lið skulu tilkynna til BLÍ um fyrirhugaða þátttöku í síðasta lagi þann 15. maí ár hvert. Lið skulu skila inn leikmannalistum til BLÍ a.m.k. tveimur vikum fyrir fyrsta leik viðkomandi deildar. Félög skulu standa skil á iðkendagjöldum leikmanna liða félagsins áður en leikmaður er skráður á leiksskýrslu hafi þau ekki þegar verið greidd fyrir leikmanninn á tímabilinu. Lið í Úrvalsdeild standa skil á leikmannasamningum leikmanna sinna til skrifstofu BLÍ innan félagaskiptaglugga áður leikmaður er skráður á leiksskýrslu. Leikmannasamningar skulu berast á skrifstofutíma fyrir kvöld og helgarleiki til að leikmenn teljist löglegir.

1.11 Öll lið í Íslandsmóti BLÍ greiða þátttökugjöld til BLÍ og skal liðum tilkynnt um upphæð gjalds fyrir næsta tímabil eigi síðar en 1. maí ár hvert. Liðin skulu greiða óendurkræft staðfestingargjald sem nemur 30% af þátttökugjaldinu fyrir 15. maí ár hvert. Afgang þátttökugjaldsins skal greiða fyrir 15. september ár hvert. Í Úrvalsdeild og 1. deild skulu lið einnig standa skil á dómargjaldi sem kynnt er fyrir 1. maí. 50% gjaldsins skal greiða fyrir 15. september og afganginn fyrir 15. febrúar ár hvert.

1.12 Mótanefnd raðar upp mótinu miðað við staðfestar skráningar liða 1. júní og skulu drög að mótahaldi vetrarins vera tilbúin a.m.k. í stórum dráttum 15. júní ár hvert. Lið sem vilja halda helgarmót Deildarkeppninnar skulu sækja um það fyrir 15.maí ár hvert.

2. gr. Fyrirkomulag Íslandsmóts BLÍ í Úrvalsdeild

2.1 Í Úrvalsdeild skal leikið í bæði karla- og kvennaflokki. Öllum blakfélögum á Íslandi innan ÍSí er heimilt að óska eftir þátttöku í Úrvalsdeildinni og skulu að hámarki 12 lið skipa deildina hverju sinni. Lið í Úrvalsdeild þurfa að hafa 12 leikmenn með leikmannaleyfi á leikmannalista sínum til að öðlast rétt til þátttöku í deildinni. Mótanefnd/mótastjóri BLÍ ákveður hverju sinni fjölda umferða eftir fjölda liða í Úrvalsdeild og tilkynnir liðunum. Standi fjöldi umferða á oddatölu, skal oddatölumferðin leikin á sama hátt og 1. umferð (hvað varðar heima- og útileiki). Sé fjöldi liða 7 eða fleiri má leika

tvöfalda umferð og liðunum svo skipt eftir stigastöðu í efri og neðri riðil og leikin tvöföld umferð í hvorum riðli til viðbótar. Liðin taka stigin úr tveimur fyrstu umferðunum með sér í riðlakeppnina. Liðin í efri riðli leika til úrslita um deildarmeistaratitilinn. Liðin í neðri riðli leika um sæti í úrslitakeppninni.

2.2 Að lokinni deildarkeppni Úrvalsdeildar hefst úrslitakeppni milli efstu liða um Íslandsmeistaratitilinn. Mótanefnd/mótastjóri BLÍ ákveður hverju sinni fyrirkomulag úrslitakeppninnar eftir fjölda liða í Úrvaldsdeild og tilkynnir liðunum þegar deildarleikir eru gefnir út. Grunnreglan er sú að spilað er til skiptis á heimavöllum liðanna þannig að liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

2.3 Þegar lið/félög hafa samþykkt leikjaplan fyrir úrslitakeppnina eru þau ábyrg fyrir að útvega keppnisstað sem uppfyllir kröfur BLÍ. Þegar lið skrá sig í keppni í efstu deild verður það að hafa tryggt keppnisstað sem uppfyllir kröfur BLÍ a.m.k. tvo daga í viku. Vikudagar sem þarf að tryggja í húsnæði eru kynntir fyrir 1. maí ár hvert. Geti félag/lið ekki útvegað hús á tilsettum degi skal BLÍ í samráði við það félag sem á heimaleikjarétt finna aðra lausn.

3. gr. Fyrirkomulag Íslandsmóts BLÍ í 1. deild og í Deildakeppni

3.1 Öllum blakfélögum innan ÍSÍ er heimil þátttaka og hefur hvert blakfélag rétt á að senda til keppni eins mörg lið og það óskar. Keppt er í bæði karla- og kvennadeildum frá 1. deild og niður. Lið skulu óska eftir sæti í 1.d. eða Deildakeppninni. Lið í 1.d. þurfa að hafa 10 leikmenn með leikmannaleyfi á leikmannalista sínum til að öðlast rétt til þátttöku í deildinni. Lið í Deildarkeppninni þurfa að hafa 9 leikmenn með leikmannaleyfi á leikmannalista sínum til að öðlast rétt til þátttöku í keppninni. Verði lið í 1.d. fleiri en 12 skal deildin verða riðlaskipt og mótanefnd falið að útfæra þá skiptingu nánar. BLÍ raðar liðum Deildakeppninnar í deildir hverju sinni og hefur úrslit síðasta Íslandsmóts til hliðsjónar. Hver deild í Deildakeppninni skal að jafnaði skipuð 12 liðum en sé fjöldi liða þannig að ekki hægt sé að skipta þeim í 12 liða deildir er mótanefnd falið að útfæra þá skiptingu nánar.

3.2 Í 1. Deild er leikið heima og að heiman eingöngu eða spila þá leiki þar sem ferðast er milli landshluta með helgarmótafyrirkomulagi. Fyrirkomulag skal unnið af mótanefnd með tilliti til fjölda og staðsetningu skráðra liða að hverju sinni. Í 1. deild skal miðað við að lið leiki a.m.k. 14 leiki á tímabili.

3.3 Að lokinni deildarkeppni 1. deildar hefst úrslitakeppni milli efstu liða um Íslandsmeistaratitilinn í 1. deild. Ef B lið úrvalsdeildarliða komast í úrslitakeppni 1. deilda geta einungis þeir leikmenn sem áður hafa spilað 1.deildar leiki tekið þátt. Einnig skulu lið sem skráð eru U20 lið spila í sér úrslitakeppni. Spila skal til skiptis á heimavöllum liðanna þannig að liði sem var ofar í deildinni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli eða með einfaldri útsláttarkeppni yfir helgi á fyrirfram ákveðnum leikstað. Mótanefnd BLÍ ákveður hverju sinni fyrirkomulag úrslitakeppninnar eftir fjölda liða og tilkynnir liðunum áður en leikjaplan er samþykkt í byrjun tímabilsins.

3.4. Í Deildakeppninni (2. deild og þar fyrir neðan) er leikið í 3 helgarmótum. Vinna þarf 2 hrinur í leik sbr. reglu 1.6. Í 12 liða deildum skal á 1. og 2. helgarmóti spiluð einföld umferð, allir við alla, og skiptast þeir leikir á þessar 2 helgar. Á 3. helgarmóti skal spila í A úrslitum og B úrslitum þar sem 6 stigahæstu liðin samanlagt að loknum mótum 1 og 2 skulu spila í A úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn í viðkomandi deild en 6 stigalægstu liðin skulu spila í B úrslitum um B deildarmeistaratitil. Spila skal hreina úrslitakeppni þar sem öll lið byrja með 0 stig í upphafi úrslitakeppninnar. Ef deild inniheldur ekki 12 lið skal mótanefnd falið að útfæra keppnisfyrirkomulagið í þeirri deild yfir helgarmótin 3. Að jafnaði skulu þrjú efstu liðin í A úrslitum vinna sér sæti í næstu deild fyrir ofan á næsta tímabili (að undanskildum liðunum í 2. deild) og 3

neðstu liðin í B úrslitum falla í næstu deild fyrir neðan (sjá þó gr 1.5 og 3.1). Ef deild inniheldur ekki 12 lið skal mótanefnd falið að útfæra tilfærslu á milli deilda á milli keppnistímabila.

3.5. Hver leikmaður má einungis spila með einu liði á hverju helgarmóti fyrir sig. Leikmaður getur skipt um félag/lið á milli helgarmóta með löggildum félaga/liðaskiptum innan félagaskiptaglugga.

4. gr. Ákvæði frá dómaranefnd.

4.1 Til að öðlast þátttökurétt í Úrvalsdeild karla og kvenna þarf hvert karlalið og hvert kvennalið að tilnefna tvo virka dómara til að dæma fyrir þess hönd á keppnistímabilinu og skal annar vera landsdómari. Lið í 1. deild Deildakeppninnar skulu tilnefna a.m.k. einn virkan dómara. Hver dómari skal skuldbundinn til að dæma a.m.k. 10 leiki á keppnistímabilinu. Skal tilkynna til dómaranefndar fyrir 1. september ár hvert um þessa dómara, að öðrum kosti þarf að halda dómaranámskeið fyrir liðið. Dómaranefnd er heimilt að veita undanþágu ef til vandræða horfir en dómaranefnd skal a.m.k. halda eitt dómaranámskeið á ári.

4.2 Útvegi lið ekki þá dómara á keppnistímabilinu samkvæmt grein 4.1 skal sekta liðið um kr. 50.000- fyrir hvern dómara sem uppá vantar.

4.3 Hvert lið sem sækir um að halda helgarmót í Deildakeppninni þarf að fá leikreglunámskeið fyrir fyrsta helgarmót sem það heldur á tímabilinu. Hvert lið sem sækir um að halda helgarmót í Deildakeppninni þarf að leggja til a.m.k. tvo dómara fyrir hvern völl sem notaður er í helgarmótinu sem skulu skuldbundnir til að dæma a.m.k. 80% leikja þess helgarmóts. Útvegi lið ekki tvo dómara fyrir hvern völl sem notaður er í helgarmótinu er heimilt að sekta liðið um kr. 10.000- fyrir hvern dómara sem uppá vantar.

4.4 Ef dómari getur ekki dæmt þann leik sem hann er settur á ber að snúa sér til annars dómara. Dómarar geta skipt við aðra dómara. Héraðsdómari má ekki vera aðaldómari í Úrvalsdeild, meistarakeppni BLÍ eða í 8 liða, undan- eða úrslitum bikarkeppni BLÍ.

4.4 Dómarar skulu mæta ekki síðar en 40 mínútum fyrir leik. Ef dómari lætur ekki meðdómara eða heimalið vita að honum muni seinka vegna óviðráðanlegra atvika eða hreinlega mætir ekki til leiks án þess að tilkynna forföll og er ekki kominn í hús þegar hlutkesti fer fram geta fyrirliðar liðanna gert athugasemd um það á leikskýrslu. Ef sami dómari hefur fengið a.m.k. þrjár slíkar athugasemdir á leikskýrslu þá getur dómaranefnd meinað þeim dómara að dæma frekar á keppnistímabilinu.

5. gr. Leiðbeiningar um umsjón heimaleikja

5.1 Net skal vera uppsett og frágengið 30 mín. fyrir leik.

5.2 Netspírur, net og stigatöflur skulu vera í lagi og skv. reglum þar að lútandi. Leikklukku skal nota í Úrvalsdeild með niðurtalningu fyrir leikhlé.

5.3 Starfsfólk skal vera tilbúið til starfa 40 mínútum fyrir leik á viðeigandi starfsstöðvum. Starfsmenn leiks eru ritari, stigavörður/aðstoðarritari, kynnrir/tónlistastjóri, línuverðir og boltasækjarar.

5.5 Fjórir keppnisboltar með réttum loftþrýstingi skulu vera til staðar 30 mín. fyrir leik.

5.5 Tónlist skal vera til staðar um leið og vallarsvæði er laust fyrir leik.

5.6 Fyrir hvern leik skal farið eftir neðangreindum tímaramma:

- 40 mín fyrir leik: Dómarar mæta til leiks og sjá til þess að ritari hefji störf við ritun leikskýrslu, mæla bolta, athuga skiptisþjöld og annan búnað sem þarf að vera til staðar og á að vera í lagi.
- 18 mín fyrir leik: Dómari flautar leikmenn af velli, mælir nethæðina og kallar til framkvæmdaraðila leiks ef laga þarf nethæð.
- 17 mín fyrir leik: Hlutkesti varpað í viðurvist fyrirliða sem staðfesta síðan leikmannalista liða sinna. Þjálfarar staðfesta leikmannalista liða sinna í kjölfarið.
- 15 mín fyrir leik: Formleg upphitun hefst.
- 12 mín fyrir leik: Þjálfarar skila inn sendiröðum til dómara.
- 5 mín fyrir leik: Formlegri upphitun lokið.
- 4 mín fyrir leik: Kynning leiksins, leikmanna, dómara og byrjunarliða.
- 30 sek fyrir leik: Aðstoðardómari fer yfir sendiröð liðanna.
- Settur leiktími: Leikur hefst með merki dómara um fyrstu uppgjöf.

5.7 Misfarist eitthvað af þessum atriðum verulega skal dómari gera athugasemd á leikskýrslu og er BLÍ heimilt að sekta viðkomandi félag um allt að kr. 50.000-.

5.8 Eftir leik í Úrvalsdeild skal senda úrslit til BLÍ og fjölmiðla.

5.9 Heimalið ber ábyrgð á því að leikskýrslu sé hlaðið upp í mótakerfi BLÍ um leið og leiknum er lokið.

6. gr. Heimild til mótanefndar

6.1 Mótanefnd BLÍ er heimilt að breyta út frá reglugerð um fyrirkomulag Íslandsmóta ef ekki fæst næg þátttaka til að fullnægja skilyrðum reglugerðarinnar eða ef þátttaka fer fram úr fyrrum tímabilum.

Breytt og samþykkt af stjórn BLÍ á stjórnarfund 3. júní 2025

Reglugerð um bikarkeppni BLÍ

1. gr. Keppnin er útsláttarkeppni. Öllum félögum innan BLÍ er heimil þátttaka og mega þau senda inn fleiri en eitt lið frá hverju félagi, a, b o.s.frv., leikmanni er þó einungis heimilt að leika með einu liði í keppninni og verður að vera skráður í það lið félagsins eða eitt þeirra liða sem standa að sameiginlegu liði félagsins í bikarkeppni BLÍ þegar leikurinn fer fram.

2. gr. Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Mótanefnd BLÍ setur félögum tímamörk fyrir einstaka umferðir og setur á leiki. Það lið sem fyrr er dregið úr pottinum skal fá heimaleik. Þó skal lið í lægri deild eða utan deildar ávallt fá heimaleik gegn liði sem er úr efri deild fram að undanúrslitum.

2.1 Lið skulu deila með sér ferðakostnaði (þó ekki gisti- né fæðiskostnaði) ef farið er um lengri leið en 100 km í aðra átt, séu innan við 500 km í aðra átt landleiðina skal miða við aksturskostnað annars kostnaður við flug og bílaleigubíl/rútu. (Höfuðborgarsvæðið reiknast allt út frá Reykjavík). Á bikarhelgi BLÍ skiptist ferðakostnaðurinn á milli þeirra fjögurra liða sem komast í undanúrslitin.

2.2 Lið skulu eingöngu skipta útlögðum kostnaði á milli sín og sýna nótur því til sannannar. BLÍ skal vera með í þeim samskiptum sem snúa að ferðakostnaði en liðin sjá um innheimtu sín á milli. BLÍ er úrskurðaraðili ef upp kemur ágreiningur. Tímamörk greiðslu miða við lok skilgreinds tímabils.

3. gr.

- Ef að fleiri en 16 lið eru skráð til leiks skal leikin 1. umferð þar sem lið í 2. deild og neðar spila sín á milli, annað hvort í einstaka leikjum eða í helgarmótsfyrirkomulagi sem sett er upp að hverju sinni til að vinna sér rétt í 16 liða bikarkeppninni.
- Efstu liðin komast áfram í næstu umferð. Fjöldi ákvarðast af því hve mörg lið úr 1. deild og úrvalsdeild eru skráð eða þannig að það séu 16 lið í 16 liða úrslitum. Úrvalsdeildarliðin geta ekki dregist hvor á móti hvoru öðru í 16 liða úrslitum.
- Þátttökugjald skal ákvarðast af mótanefnd í samráði við gjaldkera BLÍ ár hvert.
- Mæti lið ekki til leiks skal það sektað samkvæmt reglugerð um Íslandsmót og deildakeppni.

4. gr. Komi til þess að lið þurfi að sitja yfir við drátt til að koma fjölda liða í töluna 16 eða 8, hvort heldur sem passar betur, skulu liðin sitja yfir í eftirfarandi röð miðað við úrslit síðasta keppnistímabils:

- Bikarmeistarar
- Íslandsmeistarar
- Síðan þau lið sem eftir verða í pottinum þegar búið er að draga í viðkomandi umferð.

5. gr. Undanúrslit og úrslit fara fram á einni helgi. BLÍ ræður leikstað og tíma. Draga skal fyrst heimalið í fyrri undanúrslitaleikinn og svo útilið, svo skal draga heimalið í seinni undanúrslitaleikinn og þá útilið. Þau 4 lið sem komast í úrslitahelgina deila með sér ferðakostnaði sbr. 2. grein þessarar reglugerðar.

6. gr. Leikið skal eftir þeim leikreglum sem gilda frá FIVB.

7. gr. Lið sem fyrst er dregið út pottinum spilar í aðalbúning félagsins í undanúrslitum. Mótastjóri sendir út í hvaða litum lið skulu spila í í öllum leikjum úrslitahelgarinnar.

8. gr. Heimilt er að selja nafn bikarkeppninnar.

Breytt og samþykkt af stjórn BLÍ á stjórnarfund 3. júní 2025

Reglugerð um meistarakeppni BLÍ

1. gr Þátttökurétt hafa Íslands- og Bikarmeistarar í mfl. karla og kvenna hverju sinni.

2. gr Hljóti sama lið Íslands- og Bikarmeistaratitil sama árið skal leikurinn vera á milli Íslandsmeistara og liðsins sem endaði í 2. sæti í Íslandsmótinu.

3. gr. Um Meistarabikarinn gildir *Reglugerð um bikara á vegum BLÍ*.

4. gr. Meistaraleikirnir skulu fara fram að hausti ár hvert og skal leikstaðurinn vera ákveðinn af stjórn BLÍ. Framkvæmd leiksins skal vera í samræmi við leik í úrslitakeppni Íslandsmótsins.

5. gr. Dómarakostnaður greiðist af BLÍ en ferðakostnaður skipist jafnt á milli þátttökuliða sbr. 2. gr. *Reglugerðar um bikarkeppni BLÍ*.

6. gr. Aðgangseyrir skal fyrst ganga til greiðslu á húsaleigu og til greiðslu á öðrum tilfallandi kostnaði, náí endar ekki saman skal BLÍ bera kostnaðinn. Eftir að kostnaður hefur verið greiddur skal BLÍ fá 50% aðgangseyris en þátttökulið skipta með sér afgangi.

7. gr. BLÍ getur setið eitt að auglýsingum að leiknum eða verið í samstarfi með þátttökuliðum. BLÍ hefur heimild til þess að selja þátttökuliðum auglýsingasvæði gegn þóknun sem samkomulag næst um.

8. gr. BLÍ skal gefa verðlaun til keppninnar eða hafa forystu um að ná í styrktaraðila sem gerir slíkt.

9. gr. BLÍ skal sjá um að auglýsa leikinn og kynna hann í fjölmiðlum ásamt því að bjóða útvöldum boðsgestum hverju sinni og stuðla þar með að aukinni kynningu á blakinu.

Breytt og samþykkt af stjórn BLÍ á stjórnarfund 3. júní 2025

Reglugerð um íslenska leikmenn í efstu deild og bikarkeppni hjá Blaksambandi Íslands

1. Almenn ákvæði

1.1. Gildissvið reglugerðarinnar þessi reglugerð gildir um alla leikmenn sem taka þátt í efstu deild Íslandsmótsins í blaki og skilgreinir hvað telst sem íslenskur leikmaður.

2. Skilgreining á íslenskum leikmanni

Til íslenskra leikmanna teljast þeir sem uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa íslenskan ríkisborgararétt.
- Einstaklingur sem leikur sinn fyrsta keppnisleik á vegum BLÍ frá og með keppnistímabilinu sem leikmaður nær 14 ára aldri á Íslandi, telst íslenskur leikmaður samkvæmt FIVB 2.1.
- Einstaklingur sem leikur keppnisleik í móti á vegum BLÍ á Íslandi með íslensku liði áður en hann nær 18 ára aldri telst íslenskur leikmaður.

2.1. Reglur FIVB um upprunafélag

Samkvæmt FIVB er "upprunafélag" (e. Federation of Origin) leikmanns það félag sem fyrst gefur út leikheimild eða skráir leikmanninn á tímabilinu sem hann verður 14 ára.

Leikmaður sem byrjar að spila blak á Íslandi fyrir 14 ára aldur, eða hefur íslenskt upprunafélag samkvæmt FIVB, telst íslenskur leikmaður.

Leikmaður getur skipt um upprunafélag ef hann hefur ekki leikið með aðallandsliði þess, hefur búið samfellt í nýja landinu í að minnsta kosti þrjú ár og hefur fengið ríkisfang þess.

3. Fjöldi íslenskra leikmanna á vellinum

3.1. Lágmarksfjöldi íslenskra leikmanna á vellinum

Í öllum leikjum efstu deildar Íslandsmótsins í blaki skulu vera a.m.k. tveir (2) íslenskir leikmenn á vellinum hjá hverju liði á hverjum tíma.

4. Viðurlög við brotum á reglunum

Ef lið brýtur gegn grein 3.1. í reglugerð þessari verða eftirfarandi viðurlög virk:

- Fyrsta brot: 3-0 tap (25-0, 25-0, 25-0) og 75.000 ISK sekt.
- Annað brot: 3-0 tap (25-0, 25-0, 25-0) og 150.000 ISK sekt.
- Þriðja brot: Lið verður dæmt úr leik í mótinu.

Ef brot á reglunni á sér stað í úrslitaleik eða úrslitakeppni, er sektin tvöfölduð.

4.1 Kæru rétt hafa þeir aðilar sem hafa almennt kæru rétt samkvæmt reglugerð um Aga- og úrskurðarnefnd. Auk þess hefur stjórn og starfsfólk BLÍ rétt til kæru ásamt starfsmönnum leiksins. Að öðru leyti er vísað til reglugerðar um Aga- og úrskurðarnefnd.

Samþykkt á ársþingi BLÍ 28. mars 2025

Reglugerð um félagaskipti

1. gr. Leiktíð er frá 15. september til 15. maí.

2. gr. Þegar leikmaður skiptir um félag skal hann leggja fram fullgild félagaskipti, þ.e. ritaða yfirlýsingu um félagaskipti sín, skriflegt samþykki gamla félagsins sem jafnframt vottar að leikmaður sé skuldlaus við það, og greiða félagaskiptagjald til BLÍ (sjá þó 5. gr.). Stjórn BLÍ ákveður félagaskiptagjaldið fyrir 1. maí ár hvert og tilkynnir félögunum. Jafnframt skal standa skil á iðkendagjaldi hafi það ekki þegar verið gert fyrir viðkomandi leikmann sem og nýjum leikmannasamningi sé nýja félagið/liðið í Úrvalsdeild.

3. gr. Þegar leikmaður skiptir um lið innan félags skal félagið leggja fram tilkynningu þess efnis til BLÍ og greiða liðaskiptagjald.

4. gr. Öll félagaskipta og liðaskiptagjöld skulu greidd af leikmönnum í gegnum Abler. Heimilt er fyrir félag að greiða fyrir félagaskipti leikmanna en senda þarf sérstaka beiðni um greiðsluseðil í tölvupósti til mótastjóra. Leikmaður telst löglegur þegar að sönnun á greiðslu hefur borist.

5. gr. Fullgild félagaskipti og liðaskipti í úrvalsdeild og 1.deild verða móttækin með rafrænum hætti frá 15. maí til og með 31. október og frá 1. janúar til og með 31. janúar ár hvert og taka gildi um leið og mótastjóri eða framkvæmdastjóri BLÍ hefur samþykkt þau rafrænt sbr. starfsreglur vegna félagaskipta og liðaskipta. Félagaskiptablað eða tilkynning um liðaskipti og greiðsla vegna þessa verða að berast með sannarlegum hætti fyrir miðnætti og verða þau tekin til skoðunar næsta virka dag. Móttökudagur yfirlýsingar um félagaskipti eða tilkynningar um liðaskipti er sá dagur þegar öllum skilyrðum reglugerðarinnar hefur verið fullnægt.

6. gr. Félagaskipti taka gildi daginn eftir móttökudag yfirlýsingar um félagaskipti eða tilkynningar um liðaskipti en þó aldrei fyrr en þrír sólarhringar hafa liðið frá því að leikmaðurinn lék síðast leik með gamla félaginu/liðinu. Félag ber fulla ábyrgð á að nota leikmenn ef staðfesting á félagaskiptum/liðaskiptum hefur ekki borist forsvarsmanni félagsins frá BLÍ.

7.gr. Hafi félag leikmanns verið lagt niður, leikmaður spilað með erlendu liði, háskólaliði eða ekki skráður í mótakerfi BLÍ þarf ekki skriflegt samþykki gamla félagsins um félagaskipti en önnur ákvæði 2., 3., 4., 5. og 6.gr. skulu vera uppfyllt.

8. gr. Leikmanni er einungis heimilt að leika með og vera skráður í eitt lið í einu. Í Íslandsmóti má leikmaður Úrvalsdeildarliðs þó leika með og vera skráður í b-lið félagsins í 1.d. samtímis og er undanþeginn tilkynningu og greiðslu um liðaskipti á milli Úrvalsdeildarliðsins og b-liðs félagsins í 1.d. Að sama skapi má leikmaður í U-flokkum leika með og vera skráður í tvö lið félags síns samtímis í Íslandsmóti og er undanþeginn tilkynningu og greiðslu um liðaskipti á milli þeirra tveggja liða. Ætli leikmaður í U-flokkum að leika með tveimur liðum félags síns samtímis þarf félag hans að tilgreina mótastjóra BLÍ með hvaða tveimur liðum leikmaðurinn muni leika á tímabilinu. Hyggist leikmaðurinn leika með þriðja liði félagsins þarf hann að fá löggild liðaskipti innan félagaskiptagluggans. Hver leikmaður má skipta um félag/lið tvisvar á hverri leiktíð. Hver leikmaður er einungis gjaldgengur með einu liði í Bikarkeppni BLÍ á hverri leiktíð.

9. gr. Félögum er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti leikmanns samkvæmt reglum BLÍ innar félagaskiptatímabils. skv. 4. gr. Samkomulag um slík félagaskipti skal gert á sérstöku eyðublaði

BLÍ (tilkynning um tímabundin félagaskipti) og skal undirritað af samningsfélagi leikmannsins, félagi sem fær leikmanninn til sín og leikmanninum sjálfum og jafngildir félagaskiptatilkynningu við upphaf og enda lánstíma. Á tilkynninguni skal koma fram lokadagsetning félagaskipta, þ.e. hvaða dag leikmaðurinn skal sjálfkrafa snúa aftur til síns samningsfélags. Til að tímabundin félagaskipti öðlist gildi skal tilkynning um tímabundin félagaskipti undirrituð af þeim aðila sem hefur heimild til þess að skuldbinda viðkomandi félag. Ef leikmaður hefur ekki náð 18 ára aldri við undirritun tilkynningar skal hún einnig undirrituð af forráðamanni viðkomandi leikmanns. Með tilkynningunni lýsa allir aðilar því yfir að samið hafi verið að öllu leyti um uppgjör á milli aðila vegna skiptanna og að bæði félögin séu ábyrg gagnvart réttindum leikmanns. Leikmaður fær leikheimild með hinu nýja félagi með staðfestingu BLÍ á tímabundnum félagaskiptum uppfylli leikmaðurinn aðrar reglur varðandi leikheimild. Leikmaður fær leikheimild með samningsfélagi sínu að nýju degi eftir lokadagsetningu félagaskiptanna (sjá þó 5.gr.). Aðeins leikmönnum með gildan leikmannasamning er heimilt að gera tímabundin félagaskipti. Aðeins er greitt félagaskiptagjald vegna félagaskipta úr samningsfélagi í félagið sem fær leikmanninn til sín en ekki þegar leikmaðurinn snýr til baka. Tímabundin félagaskipti teljast bara sem ein skipti. Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er einn mánuður og hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera eitt keppnistímabil. Samningsfélagi er heimilt fyrir 1. mars ár hvert að stytta tímabundin félagaskipti leikmanna sinna einhliða svo framarlega sem lágmarkstíma sé náð. Nýti samningsfélag sér þessa heimild skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Leikmaður fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju fjórum dögum eftir að tilkynningin er sannanlega móttækin af BLÍ.

Starfsreglur stjórnar vegna félagaskipta

1. gr. Sá tími sem þarf að líða frá yfirlýsingu um félagaskipti og tilkynningu um liðaskipti þar til leikmaður telst löglegur með nýju félagi er talinn frá móttöku fullgildra félagaskipta skv. 2., 3., 4. gr og 5.gr. reglugerðar um félagaskipti.
2. gr. Móttaka skjala vegna félagaskipta og liðaskipta telst gild þegar framkvæmdastjóri eða mótastjóri BLÍ vottar hana skriflega og sendir staðfestingu til umsækjanda og forráðamanns félags um félagaskipti.
3. gr. Félagaskiptin/liðaskiptin taka gildi degi eftir móttökudag yfirlýsingar um félagaskipti eða tilkynningar um liðaskipti en þó aldrei fyrr en þrír sólarhringar hafa liðið frá því að leikamaðurinn lék síðast leik með gamla félaginu/liðinu.
4. gr. Framkvæmdastjóra eða mótastjóra BLÍ er ekki heimilt að taka á móti félagaskiptum/liðaskiptum liðs sem þeir spila með, þjálfar, starfa hjá með öðrum hætti eða sitja í stjórn hjá. Í slíkum tilfellum skulu þeir leita til formanns BLÍ eða annarra stjórnarmeðlima með að staðfesta félagaskiptin.
5. gr. Rísi upp ágreiningur um félagaskipti skal skjóta málinu til stjórnar BLÍ til úrlausnar. Sé slíkur ágreiningur, er sá tími sem þarf að líða frá yfirlýsingu um félagaskipti þar til leikmaður telst löglegur með nýju félagi talinn frá því að málinu er skotið til stjórnar. Leikmaður verður þó aldrei löglegur fyrr en að stjórn hefur úrskurðað í málinu og félagaskiptin hafa verið samþykkt. Sé skeyti sent BLÍ, gilda sömu reglur um móttöku þess og um móttöku annarra skjala.

Breytt og samþykkt af stjórn BLÍ á stjórnarfundum 31.mai 2024

Viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna

1. gr. Verði lið uppvíst að því að nota ólöglegan leikmann í leik skal liðið tapa leiknum 3-0 (25-0, 25-0, 25-0). Í neðri deildum sem spilaðar eru í helgarmótum skal liðið tapa 2-0 (25-0, 25-0).
2. gr. Við annað brot á leiktímabilinu skal liðið jafnframt dæmt í fjársekt sem ákvörðuð er af stjórn BLÍ og gefin út fyrir hvert tímabil. Við hvert brot þar á eftir tvöfaldast fjársektin. Í neðri deildum sem spilaðar eru í helgarmótum teljast leikir hvernar helgar eitt brot (þó gilda ákvæði greinar 1 um úrslit hvers leiks sem spilaður í helgarmóti).
3. gr. Kærufrestur miðast við grein 24.1 í lögum um dómstóla ÍSÍ. Rétt til kæru hefur hver sá, einstaklingar, félag og félagasamtök, sem misgert er við og hagsmuni hafa af niðurstöðu máls samkvæmt grein 30.1 í lögum um dómstóla ÍSÍ. Í kjölfar löglegrar kæru hefur mótanefnd þó vald til að úrskurða um úrslit leikja aftur í tímann innan leiktímabils sannist það að lið hafi notað ólöglegan leikmann.

Samþykkt á 47. ársþingi BLÍ 29. mars 2019

Reglugerð um frestanir leikja

1. gr. Leikir samkvæmt mótaskrá mótanefndar BLÍ skulu leiknir á þeim stað og tíma sem þar frá greinir.
2. gr. Leikir skulu almennt tilkynntir með mánaðar fyrirvara, en 14 dagar teljast réttir ef svo ber undir.
3. gr. Mótanefnd er heimilt að breyta ásettum leikjum og þurfa þá a.m.k. 14 dagar að vera í leik.
4. gr. Leikur fellur af mótaskrá ef um lokaðar leiðir eða appelsínugular eða rauðar veðurviðvaranir frá þar til bærum aðilum er að ræða, þannig að lið kemst ekki til leiks vegna veðurs, ófærðar eða annarra ófyrirsjáanlegra ástæðna. Þegar um flug er að ræða skal miðað við bókað flug. Sama gildir um bílveg eða sjóveg, þegar slíkri ferð má ljúka m.t.t. árstíma á augljósum tíma. Lið skulu panta far með að minnsta kosti 14 daga fyrirvara, sé þess kostur. Ef um helgarmót á vegum BLÍ er að ræða frestast helgarmótið ekki ef einungis 1 lið fyrir hver 6 lið í viðkomandi keppni/deild kemst ekki á mótssstað vegna lokaðra leiða eða appelsínugulra eða rauðra veðurviðvarana. Sé helgarmóti ekki frestað tapar það lið sem ekki kemst á það leikjum sínum í því helgarmóti samkvæmt 10. gr. en þó án sekta. Sé helgarmóti ekki frestað er einstökum leikjum þess helgarmóts ekki frestað. Þó er heimilt að færa þá til innan helgarinnar (föstudagur-sunnudagur).
5. gr. Ef um veikindi er að ræða, hvort heldur er leikmanna eða starfsmanna er leik ekki frestað nema til afbrigða megi telja. Í slíkum tilfellum skal mótastjóri BLÍ eða staðgengill hans hverju sinni skera úr um frestun samdægurs.
6. gr. Ef um dauðsföll eða jarðarfarir er að ræða sem hafa veruleg áhrif innan liðs, blakdeildar, íþróttafélags eða blakhreyfingarinnar hefur mótastjóri BLÍ eða staðgengill hans heimild til að fresta leik eða breyta leiktíma þó svo að skemmra en 7 sólarhringar séu til leiks.
7. gr. Mótanefnd hefur heimild til að breyta leiktíma innan sömu leikhelgar eða leikdags þegar um tímabundna lokun leiða er að ræða sbr. 4. gr. og af öðrum óviðráðanlegum orsökum.

8. gr. Mótaskráin sem er opinbert mótakerfi BLÍ heldur um tilkynningar um leikdaga, stað og tíma sem forráðamenn liða hafa undir eðlilegum kringumstæðum full tækifæri til að kynna sér.

9. gr. Mótanefnd skal innan 7 sólarhringa frá frestuðum leik koma honum að nýju fyrir á mótaskrá sbr. 2. gr. nema bæði lið samþykki aðra tilhögun.

10. gr. Félög geta ekki frestað eða fært til leiki eftir að mótaskrá hefur verið gefin út 1. september ár hvert. Lið geta óskað eftir færslu leikja gegn breytingagjaldi sem stjórn ákveður. Breytingarbeiðni skal berast mótastjóra eigi síðar en 14 dögum fyrir leik og getur mótanefnd hafnað beiðninni.

11. gr. Mæti lið ekki til leiks í Úrvalsdeild, 1. deild eða í bikarkeppni BLÍ skal viðkomandi lið tapa leiknum 3-0, (25-0, 25-0, 25-0). Jafnframt skal sama lið vera sektað. Verði sektin ekki greidd innan þeirra tímamarka sem stjórn BLÍ ákveður getur hún útilokað umrætt lið frá allri keppni á vegum BLÍ þar til skuldin hefur verið greidd eða um hana samið. Ákvæði þetta gildir á milli keppnistímabili. Mæti lið í neðri deildum ekki til leiks tapast leikur þess 2-0, (25-0, 25-0), auk þess sem liðið er sektað fyrir hvern leik. Sektarupphæðir skulu ákveðnar og gefnar út samhliða þátttökugjöldum.

Breytt og samþykkt af stjórn BLÍ á stjórnarfund 4. júlí 2023

Reglugerð um búninga í blaki í mótum á vegum BLÍ

1. gr. Búningar Úrvalsdeildaliða og bikarkeppni frá og með 8 liða úrslitum

- Búningar liðs skulu vera sömu tegundar í sama lit nema búningur frelsingja liðsins, hann skal vera í öðrum lit sem svipar ekki til aðallitsins.
- Leikmenn liðsins skulu allir vera í eins búningum sömu tegundar, þ.m.t. stuttbuxur.
- Sokkar, innanundirfatnaður og/eða ermar leikmanna skulu vera í sama lit.
- Starfsmenn liða skulu vera í samræmdum klæðnaði.

Leikmenn í 1. deild og neðar sem og yngri flokkum skulu vera í samlitum treyjum og samlitum buxum.

2. gr. Merkingar búninga skulu vera mjög sýnilegar og í öðrum lit en búningurinn sjálfur. Búningar eru merktir með númeri frá 1-99 á miðju brjósti og á baki.

- Breidd númers skal vera 2 cm.
- Stærð á miðju brjósti: Hæð að lágmarki 15 cm
- Stærð á miðju baki: Hæð að lágmarki 20 cm
- Númer fyrirliða liðs skal auðkennt með striki undir númeri að framan.
- Merki félagsins skal vera á vinstra brjósti að framan að lágmarki 36 cm²

3. gr. 3. Keppnislíð í Úrvalsdeild skal skrá á þátttökutilkynningu liti keppnisbúnings og varakeppnisbúnings. Útliði skal nota aðalkeppnisbúning sinn nema í þeim tilfellum þegar keppnisbúningur heimaliðs er í sama eða svipuðum lit. Liðum í 1. deild og Deildakeppni nægir að eiga eitt sett af búningum en þó skv. 1. og 2. grein.

Breytt og samþykkt af stjórn BLÍ á stjórnarfund 31. maí 2024

Reglugerð um auglýsingar á búningum í mótum á vegum BLÍ

1. gr. Einstökum félögum innan BLÍ er heimilt að auglýsa vörutegundir eða þjónustu á búningum og búnaði leikmanna sinna samkvæmt eftirfarandi skilyrðum: Auglýsingin má aðeins varða vörutegundir og þjónustu. Hún má ekki ganga í berhögg við anda íþróttanna. Hvatningarorð eru óheimil.
2. gr. Þá upphæð, sem félag hlýtur fyrir auglýsingu, má aðeins nota til starfsemi félagsins. Í engum tilvikum má sú upphæð eða hluti hennar greiðast leikmönnum eða leiðtogum. Stjórn BLÍ áskilur sér rétt til að fylgjast með því að þessari reglu sé fylgt, enda skulu tekjur af auglýsingum þessum koma greinilega fram í reikningum félagsins.
3. gr. Ef reglur þessar eru brotnar, getur stjórn BLÍ dæmt félag til refsingar, vent því áminningu, ávítur eða sektað það, allt eftir eðli brotsins. Í mjög grófum eða endurteknum tilfellum skal úrskurða félag frá keppni.

Samþykkt á 47. ársþingi BLÍ 29. mars 2019

Reglugerð um bikara á vegum BLÍ

1. gr. Allir bikarar á vegum BLÍ sem engin sérákvæði gilda um skulu falla undir þá reglu að þeir skulu vinnast til eignar ef:
 - a) Sama lið vinnur hann þrisvar í röð.
 - b) Sama lið vinnur hann fimm sinnum

Samþykkt á 47. ársþingi BLÍ 29. mars 2019

Reglugerð fyrir kosningu á blakmanni/konu og lið ársins

1. gr. Kosning á blakmanni og blakkonu ársins

1.1 Fyrir 1. desember ár hvert skulu aðal- og aðstoðarþjálfarar hvors A landsliðs skila inn tilnefningum á þeim leikmönnum sem koma til greina í vali um blakkonu og blakmann ársins ásamt rökstuðningi og samantekt um leikmennina. Þátttaka í landsliðsvali á árinu er undanfari þess að leikmaður sé tilnefndur.

2.1 Allir meðlimir í stjórn BLÍ kjósa í nafnlausri könnun þar sem þeir setja leikmenn í fyrsta, annað eða þriðja sæti. Afreksnefnd, dómaranefnd og mótanefnd fá allar eitt atkvæði hver. Ef að stjórnarmenn sitja í þessum nefndum skulu þeir aðeins skila sínu atkvæði og ekki taka þátt í atkvæðakosningu nefndarinnar.

Ef að leikmenn eru jafnir að kosningu lokinni skal stjórn BLÍ funda og skera út um hver hlýtur útnefninguna.

2. gr. Kosning í lið ársins, á efnilegasta leikmanni Íslandsmótsins, besta leikmanni Íslandsmótsins, þjálfara ársins og dómara ársins.

2.1. Þegar deildarkeppni lýkur skal kjósa í lið ársins.

2.2 Tveimur vikum fyrir lok deildarkeppni skal þjálfari hvers liðs í Úrvalsdeild karla og kvenna tilnefna leikmenn úr sínu liði í allar leikstöður vegna vals á liði ársins. Tilnefnt er í eftirfarandi leikstöður:

- Miðja (2)
- Kantur (2)

- Díó (1)
- Uppspilari (1)
- Frelsingi (1).

2.2. Allir tilnefndir leikmenn eru settir á rafrænan atkvæðaseðil sem sendur er út af starfsmanni Blaksambandsins. Atkvæðaseðilinn inniheldur einnig kjör á efnilegasta leikmanni Íslandsmótsins, besta leikmanni Íslandsmótsins, þjálfara ársins og dómara ársins.

2.3. Kosningin er opin í þrjá sólarhringa.

2.4. Þjálfari og fyrirliði liðs hafa atkvæðisrétt. **Ekki** má kjósa leikmenn/þjálfara úr eigin liði. Í kosningu er þremur leikmönnum raðað í röð í hverja leikstöðu eftir getu. Efsti leikmaður í hverri leikstöðu fær 3 stig, sá næsti 2 stig og sá þriðji 1 stig. Þeir leikmenn sem fá flest stig í hverri leikstöðu teljast þannig réttkjörnir í lið fyrri hluta tímabilsins. Að sama skapi er efnilegasta leikmanni, besta leikmanni, þjálfara og dómara raðað eftir getu, þrír fá atkvæði, sá efsti 3 stig, sá næsti 2 stig og sá þriðji eitt stig. Þeir sem fá flest stig eru réttkjörnir sem efnilegasti leikmaður Íslandsmótsins, besti leikmaður Íslandsmótsins, þjálfari ársins og dómari ársins. Séu leikmenn/þjálfarar/dómarar jafnir hefur sá betur sem oftast er settur í efsta sætið (annað sætið séu þeir jafnoft í efsta sæti). Séu þeir enn jafnir skulu báðir/allir fá útnefninguna.

2.5. Lið ársins, efnilegasti leikmaður Íslandsmótsins, besti leikmaður Íslandsmótsins, dómari ársins og þjálfari ársins eru kynnt og viðurkenningar afhentar á árlegri uppskeruhátíð BLÍ að vori.

3. gr. Einstaklingsverðlaun fyrir árangur

3.1. á árlegri uppskeruhátíð BLÍ að vori skal veita sérstök verðlaun fyrir árangur samkvæmt tölfræði í eftirtöldum þáttum í karla- og kvennaflokki

- Flest stig í uppgjöf
- Flest stig í sókn
- Flest stig í hávörn
- Stigahæsti leikmaður Úrvalsdeildar

4. gr. Félagsverðlaun vegna umgjörðar

4.1. Á árlegri uppskeruhátíð BLÍ að vori skal veita sérstök verðlaun til félags fyrir umgjörð á heimaleikjum. Félög, dómarar og starfsfólk BLÍ kemur með tillögu og stjórn BLÍ velur það félag sem hlýtur þessi verðlaun.

Breytt og samþykkt af stjórn BLÍ á stjórnarfund 3. júní 2025

Reglugerð um aðgönguskírteini

1.gr Gerðir skírteina

Blaksamband Íslands (BLÍ) gefur út aðgönguskírteini, sem heimila ókeypis aðgang að blakleikjum. BLÍ ákveður með hvaða hætti skírteinin skulu vera gefin út hverju sinni. BLÍ skal halda skrá yfir útgefin aðgönguskírteini.

- a) Aðgönguskírteini A, sem gildir fyrir tvo á alla leiki.
- b) Aðgönguskírteini B, sem gildir fyrir einn á alla leiki.
- c) Aðgönguskírteini D, dómaraskírteini sem gildir fyrir einn á alla leiki.
- d) Aðgönguskírteini F, fjölmiðlaskírteini sem gildir fyrir einn á alla leiki.

- e) Aðgönguskírteini L, leikmannaskírteini sem gildir eingöngu fyrir einn á alla deildarleiki í efstu deild karla og kvenna.

2. gr Rétthafar skírteina

- a) Aðgönguskírteini A skal gefið út til tveggja ára til:
- stjórnar BLÍ
 - fastanefnda BLÍ
 - áfrýjunardómstóls BLÍ
 - starfsmanna BLÍ
 - formanna blakdeilda
 - forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ
 - gullmerkishafa BLÍ
 - fyrirverandi formanna BLÍ
 - samstarfsaðila BLÍ
 - landsliðspjálfa BLÍ
- b) Aðgönguskírteini B skal gefið út til stjórnarmanna og þjálfara félaga í efstu deild karla, efstu deild kvenna.
- c) Aðgönguskírteini D skal gefið út til virkra dómara og eftirlitsdómara skv. ákvörðun dómaranefndar.
- d) Aðgönguskírteini F skal gefið út til þeirra fjölmiðlamanna sem fjalla um íþróttir.
- e) Aðgönguskírteini L skal gefið út til þeirra leikmanna sem spila í efstu deild karla og kvenna og gildir skírteinið eingöngu á venjulega deildarleiki efstu deildar karla og kvenna samkvæmt ákvörðun formannafundar.

3. gr Notkun skírteina

Aðgönguskírteini gildir aðeins fyrir rétthafa þess. Aðeins skal gefa út eitt aðgönguskírteini á hvern einstakling. Starfsmenn í miðasölu geta óskað eftir að einstaklingar með aðgönguskírteini sýni skilríki með mynd þegar aðgönguskírteini er framvísað.

Misnotkun skírteinis getur haft í för með sér innköllun á því. Óheimilt er að gefa út önnur aðgönguskírteini, sem gilda um allt land, en um er getið í þessari reglugerð.

Þegar um bikarúrslit, leiki í úrslitakeppnum og landsleiki er að ræða getur BLÍ krafist þess að rétthafar skírteina sækja aðgöngumiða gegn framvísun skírteinis á fyrirfram auglýstum tíma og gilda þá ekki aðgönguskírteinin sjálf á leikstað. Slíkt fyrirkomulag skal auglýst á heimasíðu BLÍ sem og í tölvupósti til félaga BLÍ. Félög sem leika í úrslitakeppnum geta einnig í samráði við BLÍ fengið leyfi til að krefjast þess sama, það er að handhafar aðgönguskírteina, nálgist miða á fyrirfram auglýstum tíma og gilda þá ekki aðgönguskírteinin sjálf á leikstað. Þetta fyrirkomulag þarf að auglýsa minnst þremur sólahringum fyrir viðkomandi leik af félaginu sem og BLÍ.

Gestalið í úrslitakeppni skal ávalt eiga rétt á að kaupa 30% af seldum aðgöngumiðum á hvern leik. Þann rétt þarf að nýta í síðasta lagi 24 klst. fyrir auglýstan leiktíma.

4. gr Útgáfa

Skrifstofa BLÍ annast útgáfu aðgönguskírteina í umboði BLÍ. Félög skulu senda skrifstofu BLÍ nafnalista fyrir 1. september ár hvert.

Samþykkt á ársþingi BLÍ 28. mars 2025

Agareglur Blaksambands Íslands - **enn í skoðun júní 2025**

1. gr. Aganefnd BLÍ skal skipuð þremur mönnum og einum til vara og sér stjórn BLÍ um tilnefningu þeirra.

2. gr. Verksvið aganefndar er að fjalla um og kveða upp úrskurði um brot leikmanna, þjálfara, aðstoðarmanna og forystumanna félaga, sem framin eru í keppni (leik) eða á keppnisstað. Aganefndin fjallar um þau brot sem kærð eru til hennar sbr. 5. grein nema liði b og c.

3. gr. Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað.

4. gr. Munnlegur málflutningur er heimill þegar brot geta varðað við liði a, d, e, g og h 5. greinar. Þegar slíkt er heimilt skal aganefnd tilkynna aðilum fyrirtöku máls með þriggja sólarhringa fyrirvara og skulu aðilar þá flytja vörn sína. Ekki er kostur á frekari frestun.

5. gr.

a) Öllum starfsmönnum leiks er heimilt að kæra og skal dómari koma kærinni til aganefndar. Kæra er heimil geri leikmaður, þjálfari, aðstoðarmenn þjálfara eða forystumenn félags sig seka um:

1. Að gagnrýna ákvarðanir dómara.
2. Að viðhafa meiðandi eða niðrandi ummæli um leikmenn, starfsmenn leiks eða áhorfendur.
3. Aðra minniháttar óþrúðmannlega framkomu.

b) Sjái dómari sig tilneyddan að áminna **með rauðu spjaldi**, brottvísun (rautt/gult í sömu hendi) eða útiloka leikmann, þjálfara eða aðra á skýrslu (rautt/gult í sitt hvorri hendi), skal auk þess refsast sem hér segir:

- 1. Rautt spjald, 1 refsistig.**
- 2. Brottvísun, 2 refsistig.**
- 3. Útilokun, 3 refsistig.**

Dómarar skulu sjá til þess að öll spjöld séu skráð í leikskýrslur. Sé refsingunni útilokun beitt skal dómari meta það hvort hann skilar inn skýrslu innan tveggja sólarhringa vegna atviksins til aganefndar BLÍ. Aganefnd hefur þrjá sólarhringa eftir móttöku skýrslunnar til þess að meta hvort viðkomandi fái lengra bann eða ekki.

c) **Þrjú refsistig jafngildir einum leik í bann og núllast þá út þrjú refsistig, önnur haldast.**

d) Hafi dómari vikið leikmanni af leikvelli fyrir ofbeldi gagnvart leikmanni, starfsmönnum eða áhorfendum, skal honum refsast með leikbanni í minnst þrjá leiki. Við ítrekun komi minnst sex leikja bann.

e) Hafi dómari vikið leikmanni af leikvelli fyrir ofbeldi sem telst alvarlegs eðlis gagnvart leikmanni, starfsmönnum eða áhorfendum, skal honum refsast með leikbanni í ótiltekinn tíma og ef um ítrekun er að ræða, gæti refsingin orðið, ef um mjög alvarlegt brot er að ræða, lífstíðarbann.

f) Refsingar aganefndar er aðeins hægt að taka út í mótum á vegum BLÍ, svo sem Íslandsmótum og bikarkeppnum.

g) Heilt lið brýtur af sér ef það yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda leik áfram. Refsingin við því getur orðið, auk þess sem leikreglur í blaki mæla fyrir um, brottrekstur úr keppni, leikbann á alla leikmenn liðsins og sektir.

h) Gerist áhorfendur sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum eða dómurum, er heimilt að svipta það lið, sem telst heimalið, næsta eða næstu heimaleikjum, þar til öryggi leikmanna og starfsmanna telst tryggt.

6. gr. Kæri dómari leikmann fyrir brot samkvæmt lið a og/eða b 5. greinar skal hann aðeins færa það inn á leikskýrslu í athugasemdir ásamt undirskrift sinni. En kæri dómari leikmann fyrir brot samkvæmt d, e og/eða f liðum 5. greinar skal hann senda aganefnd ítarlega skýrslu um brotið innan tveggja sólarhringa frá því að brotið er framið.

7. gr. Kætur skulu teknar til úrskurðar innan þriggja sólarhringa frá því að kærán berst til aganefndar (sjá þó 4. grein) skal leikbann, ef um það er að ræða, koma til framkvæmda í næsta leik á eftir að aganefnd hefur kveðið upp úrskurð sinn. Eigi kærður leikmaður leik innan þriggja sólarhringa frá því kærán berst, skal ef unnt er ljúka máli hans fyrir þann tíma.

8. gr.

a) Þjálfari, aðrir starfsmenn liðs eða leikmaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með þrjátíu mínútum fyrir leik og þar til dómara ganga til búningsherbergja. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvellinum, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt. Verði dómara leiks þar sem þjálfari eða starfsmaður liðs er í banni varir við óeðlileg samskipti við liðið, er þeim heimilt að vísa honum úr húsi til að framfylgja banninu. BLÍ skal sjá til þess að dómara á leikjum séu meðvitaðir um leikbönn í tengslum við liðin sem mætt eru til leiks.

b) Sé leikmaður, sem jafnframt er þjálfari liðsins, úrskurðaður í leikbann, er honum ekki heimilt að stjórna liðinu í þeim leikjum sem hann tekur út leikbann þó hann hafi verið skráður sem leikmaður á skýrslu þess leiks þegar hann framdi brot það sem hann fékk leikbann fyrir. Ef leikmaður, sem jafnframt er þjálfari annars liðs, er úrskurðaður í leikbann, er honum heimilt að stjórna liði sínu á því tímabili, sem hann tekur út leikbann sem leikmaður. Hljóti sá sem skráður er starfsmaður eða leikmaður á skýrslu leikbann, skal hann taka út leikbannið í leik þess liðs sem hann hlaut bann fyrir brot hjá og er honum þá með öllu óheimil þátttaka í leik þess liðs.

c) Agabrot framið á einu keppnistímabili hefur ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Ofangreint nær aðeins til agaviðurlaga vegna brottreksturs en ekki vegna áminninga. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka, skal hann taka út viðurlögin í nýjum aldursflokki. Þegar leikmaður má leika með tveimur eða fleiri aldursflokum á sama keppnistímabili, skal hann taka út refsingu í þeim aldursflokki, þar sem hann hefur unnið til hennar, þ.e. brot í hverjum einstökum aldursflokki skulu meðhöndlast sérstaklega.

Samþykkt á 45. ársþingi BLÍ þann 10. mars 2017

Starfsreglur dómara nefndar og dómara BLÍ

1.gr. Dómara nefnd

1.1. Dómara nefnd BLÍ starfar samkvæmt lögum og reglugerð BLÍ um dómara og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna. Dómara nefnd skal skipuð a.m.k. 3 mönnum, sem stjórn BLÍ tilnefni og skulu að minnsta kosti tveir nefndarmanna hafa landsdómara réttindi eða að hafa starfað sem slíkir á undanförunum árum.

1.2. Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Skrifstofa BLÍ annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hún sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra BLÍ. Erindi til nefndarinnar skal vera skriflegt og það sent til framkvæmdarstjóra á skrifstofu BLÍ sem tekur það til afgreiðslu.

1.3. Dómaranefnd hefur umsjón með dómaramálum BLÍ, ber ábyrgð á flokkun og vali dómara á leiki á vegum sambandsins og sér um fræðslumál dómara. Nefndin annast útgáfu leikreglnanna á íslensku og sér um að dómarar framfylgi þeim. Dómaranefnd er heimilt að skipa undirnefndir, sem t.d. hafi eftirlit með hæfnismálum, niðurröðun og fræðslumálum Helstu verkefni dómaranefndar eru eftirfarandi:

- a) Að halda skrá yfir alla starfandi dómara
- b) Að hafa yfirumsjón með fræðslu og menntun dómara og ritara ásamt því að annast skrifleg próf dómara
- c) Að setja árleg fyrirmæli fyrir dómara
- d) Að annast útgáfu leikreglnanna á íslensku og úrskurða um túlkun þeirra
- e) Að annast niðurröðun dómara á leiki á vegum BLÍ í samræmi við reglugerð BLÍ um mót á þeirra vegum
- f) Að hafa eftirlit með störfum dómara innanlands og er þeir fara erlendis
- g) Að veita aðildarfélögum og öðrum innlendum aðilum ráðgjöf um dómaramál.
- h) Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um dómaramál innan CEV og með áherslu á samstarf Norðurlanda i. að sjá um erlend samskipti á sviði dómaramála
- j) Að tilnefna dómara og eftirlitsmenn til starfa erlendis

Dómaranefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn BLÍ kann að fela henni á hverjum tíma. Stjórn BLÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

1.4. Verði forsvarsmenn, þjálfarar, leikmenn eða aðrir fulltrúar félags uppvisir af óíþróttamannslegri framkomu gagnvart dómurum er BLÍ heimilt að sekta viðkomandi félag um allt að 50.000 krónur og setja viðkomandi aðila í bann.

2. gr. Dómarar

2.1. Markmið dómara er að ná upp slíku samræmi og samkvæmni í dómgæslunni að leikmenn/þjálfarar/forráðamenn/áhorfendur viti að hverju þeir ganga í þeim efnum. Dómaranefnd BLÍ sættir sig við þá staðreynd að allir dómarar geri mistök í störfum sínum. Ekki reyna að verða vinsæll dómari - því þegar öllu er á botninn hvolft eru bestu dómararnir ávallt þeir sem hafa hugrekki til þess að taka erfiðar (óvinsælar) ákvarðanir þegar þörf krefur.

2.2. Dómurum ber að hugleiða eftirfarandi atriði fyrir leik í undirbúningi sínum: Hvernig best sé að halda einbeitingunni leikinn í gegn og hvað það er mikill heiður að fá að dæma þennan leik. Dómararnir eru á besta staðnum á vellinum til þess að njóta þess að fylgjast með góðum keppnisleik!

2.3. BLÍ leggur áherslu á að framkoma og samskipti séu fagleg og einkennist af virðingu og samstarfsvilja. Þar er gerð rík krafa til dómara ekki síður en annarra þátttakenda. Ekki er gerð krafa um að samskipti fari fram á öðru tungumáli en íslensku. Það er á ábyrgð félaganna að koma upplýsingum til þeirra þátttakenda sem ekki skilja íslensku til skila.

2.4. BLÍ skal leitast við að hafa 3. dómara til staðar er leikjum er sjónvarpað beint, skal sá dómari vera til vara ef aðal- eða aðstoðardómari forfallast á meðan að leik stendur og einnig aðstoða dómaraþarið við framkvæmd leiksins, s.s. fylgjast með að aðilar sem eru í banni hafi ekki áhrif á leikinn.

2.5. Verði dómara fyrir óíþróttamannslegri hegðun á meðan að leik stendur skulu þeir geta þess í leiksýrslu, þó ekki hafi verið gefið spjald fyrir slíka hegðun í leiknum, s.s. óþarfa tuð eftir leiki. Ef leikskýrsla hefur verið undirrituð er dómurum heimilt að senda skýrslu inn til BLÍ um slík atvik, tilgangurinn með þessu er að reyna að koma í veg fyrir ítrekað áreiti á dómara.

2.6. Fulltrúar liða þurfa samþykki formanns dómaranefndar eða framkvæmdarstjóra BLÍ til þess að hafa samband við dómara að fyrri bragði á keppnistímabilinu, nema til að staðfesta ferðatilhögun.

2.7. Ef upp koma alvarleg meiðsli í leik, hvort sem er hjá leikmanni, þjálfara, dómara eða öðrum sem koma fyrir á skýrslu, þar sem dómurum er ljóst að öllum þátttakendum sem og áhorfendum er brugðið, er dómurum heimilt að hætta leik. Skal aðaldómari geta þess á skýrslu hvað staðan er og vegna hvers leik er hætt.

2.8. Verði dómari, þjálfari, leikmaður, aðrir á skýrslu og/eða áhorfandi fyrir líkamsmeiðingum á meðan að leik stendur er aðaldómara heimilt að hætta leik, skal hann setja á skýrsluna stöðuna er leik var hætt. Eftir leik þar sem slíkt gerist er dómurum óheimilt að tjá sig við neinn aðila nema formann dómaranefndar og framkvæmdarstjóra BLÍ.

Samþykkt af stjórn BLÍ í október 2014

Reglugerð um dómarasjóð

1. gr. Nafn sjóðsins er Dómarasjóður BLÍ.
2. gr. Sjóðurinn skal vera í umsjón gjaldkera BLÍ, en sérgreindur í ársreikningum og á sérreikningi.
3. gr. Sjóðurinn aflar tekna sinna með gjaldtöku af leikjum á vegum BLÍ, og skal sú upphæð ákveðin á árspingi BLÍ hverju sinni.
4. gr. Hlutverk sjóðsins er:
 - 1) Að styrkja dómara til frekara náms.
 - 2) Að aðstoða dómara til utanfara á vegum BLÍ
 - 3) Að stuðla að fjölgun dómara.
 - 4) Að láta annað það gott of sér leiða er kemur sér vel fyrir dómgæslu og dómarastéttina.
5. gr. Ef óskað er eftir úthlutun úr sjóðnum skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til Dómaranefndar BLÍ. Sjóðurinn er öllum opin.
6. gr. Úthlutun úr sjóðnum er alfarið í höndum dómaranefndar BLÍ og þarf fulla samstöðu innan nefndarinnar fyrir úthlutunum.
7. gr. Stjórn BLÍ sker úr öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna út of reglum þessum

Samþykkt á 47. árspingi BLÍ 29. mars 2019

Reglugerð um merki BLÍ

1. gr. Heiðursmerki BLÍ

- 1.1. Heiðursmerki BLÍ er merki sambandsins úr gulli.
- 1.2. Merkið skal veitt fyrir framúrskarandi störf í þágu sambandsins og blakíþróttarinnar.
- 1.3. Stjórn sambandsins ákveður hverjum skuli veita merkið, en eigi skulu veitingar vera fleiri en tvær á ári, nema sérstaklega standi á.

1.4. Heimilt er að veita erlendum ríkissborgurum merkið.

1.5. Reglugerð þessari verður ekki breytt nema á reglulegu ársþingi BLÍ.

2. gr. Starfsmerki BLÍ

2.1. Starfsmerki BLÍ er merki úr silfri.

2.2. Merkið skal veita fyrir vel unnin störf innan blakhreyfingarinnar og fyrir að hafa leikið 50 A-landsleiki.

2.3. Stjórn BLÍ ákveður hverjum skuli veita merkið.

2.4. Reglugerð þessari verður ekki breytt nema á ársþingi BLÍ.

3. gr. Nýliðamerki BLÍ

3.1. Nýliðamerki BLÍ er merki úr bronsi

3.2. Merkið skal veita leikmanni fyrir að leika sinn fyrsta A-landsleik.

3.3. Reglugerð þessari verður ekki breytt nema á ársþingi BLÍ.

Breytt og samþykkt á 48. ársþingi BLÍ 13. júní 2020